

Heilbrigðisráðuneytið
b.t. skrifstofu stjórnsýslu
Síðumúla 24
108 Reykjavík

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Reykjavík, 18. ágúst 2025

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi um nikótín- og tóbaksvörur

Félag atvinnurekenda (hér eftir „FA“) hefur tekið til umsagnar drög að frumvarpi til laga um nikótín- og tóbaksvörur (hér eftir „frumvarpið“) sem sent var til umsagnar inn á samráðsgátt stjórnvalda 16. júlí sl. Um er að ræða frumvarp til nýrra heildarlaga um varnir gegn tóbaks- og nikótínvörum en tekið er fram um frumvarpið á samráðsgátt stjórnvalda að þörf sé á að setja tóbaks- og nikótínvörur¹ undir sömu löggjöf þar sem sömu eða sambærilegar reglur gilda.

FA gerir eftirfarandi athugasemdir:

FA skilaði einnig inn umsögn þegar áform um lagasetninguna voru til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda 18. júní sl. til 2. júlí sl. Ráðuneytið virðist ekki hafa tekið tillit til neinna athugasemda er þar komu fram enda er aðeins fjallað um hvaða umsagnir bárust í samráðskaflanum en hvergi tekið fram að þær hafi verið teknar til skoðunar með nokkru móti. Þykir FA það miður þar sem mikilvægt er að fyrirtæki sem starfa á markaði fyrir umræddar vörur séu höfð með í ráðum, eða a.m.k. að athugasemdir þeirra séu teknar til skoðunar. Eins og félagið benti á í fyrri umsögn, varðar frumvarpið meðal annars stjórnarskrárvarin grundvallarréttindi fyrirtækja eins og atvinnufrelsi og friðhelgi eignarréttar.

Atvinnufrelsi

Líkt og fram kom í áformunum um lagasetningu kemur í greinargerð frumvarpsins fram að efni þess „**kann**“ að koma inn á atvinnufrelsi, sbr. 75. gr....“² og er þá átt við 75. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, er varðar atvinnufrelsi. FA telur deginum ljósara að um skerðingu á atvinnufrelsi sé að ræða og enginn vafi leiki á því. Verslun með tóbak sætir nú þegar ströngum takmörkunum, bæði er varðar atvinnufrelsi og friðhelgi eignarréttar, og hefur gert um langt skeið. Með frumvarpsdrögunum hyggist ráðuneytið setja nikótínvörur og tóbaksvörur undir sama hattinn og þrengja svo um munar að atvinnufrelsi þeirra er flytja inn og selja nikótínvörur. Þegar setja á svo miklar hömlur þarf ráðuneytið einnig að skoða málið frá hinum endanum, þ.e. frá þeirri hlið er snýr að framleiðendum, innflytjendum og verslunareigendum. Ráðuneytið virðist ekki hafa gefið þeim réttindum og hagsmunum mikinn gaum og gerir FA alvarlegar athugasemdir við það enda þarf að skoða málið frá öllum hliðum. Í fyrri athugasemdum benti FA á að þegar um er að ræða skerðingu á stjórnarskrárvörðum réttindum, hljóta stjórnvöld að þurfa að rökstyðja

¹ Nikótínvörur í umsögn þessari ná yfir nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur.

² Leturbreytingar undirritaðrar.

ítarlega hvernig almannahagsmunir réttlæti slíkt inn grip. Engan slíkan rökstuðning er að finna þess efnis í frumvarpinu.

Seljendur nikótín- og tóbaksvara þurfa nú þegar að sæta hinum ýmsu hömlum á atvinnufrelsi sínu, líkt og auglýsingabanni, takmörkunum á stærð skammta og banni við sýnileika á smásölustöðum. Fullnægjandi rökstuðning skortir fyrir því að ganga nú enn lengra.

Friðhelgi eignarréttar

Gangi ákvæði frumvarpsins um einsleitar umbúðir eftir, er ekki lengur svigrúm til þess að hafa þau sérkenni sem skilja að hin mismunandi vörumerki nikótín- og tóbaksvara. Sérkenni vörumerkjanna og hið einstaka útlit er því alveg afmáð sem gerir einnig neytendum erfitt fyrir að átta sig á hvort þeir séu að kaupa rétta nikótín- eða tóbaksvöru þegar í verslun er komið. Vörumerki teljast að sjálfsögðu til eignarréttinda framleiðanda vöru. Hér er því um að ræða inn grip í friðhelgi eignarréttarins sem nýtur verndar samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þá hefur einnig verið staðfest að túlka beri 72. gr. stjórnarskrárinnar í samræmi við 1. gr. samningsviðauka 1 við mannréttindasáttmála Evrópu þar sem fram kemur:

„Öllum mönnum og lögaðilum ber réttur til að njóta eigna sinna í friði. Skal engan svipta eign sinni, nema hagar almennings bjóði og gætt sé ákvæða í lögum og almennra meginreglna þjóðaréttar.“

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur staðfest að vörumerki teljist eign í skilningi 1. gr. samningsviðauka 1 við mannréttindasáttmála Evrópu. Takmarkanir á útliti nikótínvara, sem stefnt er að með áformunum, brjóta því í bága við þá vernd sem nikótínvörunar njóta skv. 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.

Af ofangreindu er ljóst að frumvarpið fer inn á svið atvinnufrelsis og friðhelgi eignarréttar. FA gerir enn og aftur alvarlegar athugasemdir hve ráðuneytið fjallar um inn grip í stjórnarskrárvarin réttindi af mikilli léttúð í greinargerð frumvarpsins og nefnir ekki einu sinni að farið sé inn á friðhelgi eignarréttarins. Mikilvægt er að ráðuneytið skoði málið rækilega út frá réttindum og hagsmunum allra hlutaðeigandi aðila. FA hefur átt fund með ráðuneytinu um frumvarpsdrögin og dregur þá ályktun af þeim fundi að enginn áhugi sé á að hlusta á rök fyrirtækja, sem hagsmuna eiga að gæta.

Skaðsemi nikótín- og tóbaksvara

Ljóst er að nikótínvörur eru langtum minna skaðlegar en tóbaksvörur. Fjöl margar rannsóknir hafa verið framkvæmdar þar sem hin ýmsu lýðheilsu- og heilsusjónarmið hafa verið skoðuð og liggur fyrir að nikótínvörur eru mun betri fyrir neytendur en tóbaksvörur, þótt ákveðin áhætta fylgi neyslu þeirra eins og margra annarra neysluvara.³ Þá eru einnig fjöl margar rannsóknir sem

³ Chemical characterization of tobacco-free “modern” oral nicotine pouches and their position on the toxicant and risk continuums, <https://pubmed.ncbi.nlm.nih.gov/34034614/> og An approach for the extract generation and toxicological assessment of tobacco-free “modern” oral nicotine pouches, <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0278691520306037?via%3Dihub>

sýna fram á að tóbaksvörur eru mun líklegri til að vera krabbameinsvaldandi en nikótínvörur.⁴ Heilbrigðisþjónustan í Bretlandi hefur einnig gefið út greinargóða umfjöllun um mýtur og staðreyndir þegar kemur að rafrettum annars vegar og sígarettum hins vegar.⁵ Kemur þar skýrt fram að nikótínvörur án tóbaks eru langtum betri en tóbaksvörur.

Að mati FA skýtur það því skökku við að ætla fella svo mismunandi flokka saman undir ein lög þar sem annar flokkurinn er mun skaðlegri neytandanum en hinn. Þessi breyting gæti ýtt undir að neytendur fari í auknum mæli aftur að leita í tóbakið sem inniheldur ýmis aukefni utan nikótíns, sérstaklega ef taka á bragðefni nikótínvaranna í burtu. Þá voru einnig sett gjöld á nikótínvörur um síðastliðin áramót. Í kjölfarið hækkaði verð á þeim vörum umtalsvert og er því minna verðbil á milli tóbaksvara og nikótínvara í dag en áður. Því torveldara sem neytendum er gert að nálgast og nota nikótínvörur, þeim mun líklegra er að þeir snúi aftur í tóbakið.

Gullhúðun

Með þeim breytingum sem verið er að gera, að sameina tóbaks- og nikótínvörur undir sömu löggjöf, felur breytingin einnig í sér að eldri löggjöf, tóbaksvarnarlög nr. 6/2002 og lög um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur nr. 87/2018, fellur úr gildi líkt og tekið er fram í 40. gr. frumvarpsins. Núverandi tóbaksvarnarlög innihalda innleiðingu á tóbakstilskipun ESB, 2014/40/ESB. Virðist vera að ákvæði tilskipunarinnar um tóbaksvörur séu ekki einungis innleidd að því marki sem nauðsynlegt er til að uppfylla skuldbindingar samkvæmt EES-samningnum, heldur sé gildissvið regluverksins víkkað til að ná einnig til nikótínvara sem ekki innihalda tóbak með frumvarpinu. Slíkrar útvíkkunar, sem nær til margs konar nikótínafurða, þar á meðal rafrettna, púða og annarra staðgönguvara, er ekki krafist í tilskipuninni heldur er tekin ákvörðun af hálfu íslenskra stjórnvalda um að beita sama regluverki á þessa vöruflokka.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum hefur það í för með sér að innlend fyrirtæki, sem framleiða eða flytja inn nikótínvörur, þurfi að uppfylla strangari skilyrði en samkeppnisaðilar í öðrum EES-ríkjum, sem getur leitt til aukins kostnaðar og minni samkeppnishæfni. Þrátt fyrir að þessi útvíkkun sé hugsuð í þágu lýðheilsu, ber íslenskum stjórnvöldum að gæta þess að hún feli ekki í sér óþarfa íþyngjandi skyldur sem geta haft hamlandi áhrif á nýsköpun og þróun markaðarins hér á landi.

Fyrri ríkisstjórn kannaði umfang gullhúðunar EES-reglna, þ.e. þegar við innleiðingu Evrópulöggjafar er bætt við meira íþyngjandi kröfum en regluverkið kveður á um. Slík gullhúðun þyngir regluverk og setur íslensk fyrirtæki í verri stöðu en sambærileg fyrirtæki í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Starfshópur utanríkisráðherra skilaði skýrslu um aðgerðir gegn gullhúðun EES-gerða, en í henni kemur fram að það teljist meðal annars vera gullhúðun þegar gildissvið tilskipunar er víkkað út, t.d. með því að nota víðtækara orðalag en það sem kveðið er á

⁴ Sjá hér sem dæmi; THR 101 Review: Public Health England – E-cigarettes and heated tobacco products: evidence review, <https://www.thr101.org/research/2020/thr-101-review/public-health-england-e-cigarettes-and-heated-tobacco-products-evidence-review>

⁵ Vaping myths and the facts, <https://www.element.com/nucleus/2022/importance-of-synthetic-nicotine-testing>

um í henni.⁶ Mörkuð var sú stefna að vinna ofan af gullhúðun EES-gerða, annars vegar með breyttu verklagi í samráðsferli um innleiðingarlöggjöf og hins vegar með því að einstök ráðuneyti skoðuðu eigin málefnasvið og legðu mat á hvort gullhúðun hefði átt sér stað og hvort ástæða væri til að endurskoða slík tilvik hvert fyrir sig. Stefnan um að vinna gegn gullhúðun er í fullu gildi og er þess skemmst að minnast að hagræðingarhópur ríkisstjórnarinnar lagði upp með að farið yrði að tillögum starfshóps utanríkisráðherra.

Starfshópur utanríkisráðherra lagði m.a. til að í samráðsferlinu yrði gerð krafa um nýjan kafla í greinargerð með stjórnarfrumvörpum, þar sem greint væri frá með skýrum og aðgengilegum hætti hvort ætlunin væri að beita gullhúðun og/eða víkja frá meginreglunni um hrein innleiðingarfrumvörp. Þá var lagt til að gerð yrði krafa um að samanburðartafla yrði unnin samhliða frumvarpi við innleiðingu á tilskipunum og fylgi frumvarpi í gegnum samráðsferli, til ríkisstjórnar og Alþingis. Augljóst er að frumvarpsdrögin, eins og þau liggja fyrir, taka ekki mið af neinum tillögum starfshóps utanríkisráðherra og kolfalla því á gullhúðunarprófinu.

Bragðefnabann

Með 14. gr. frumvarpsins er lagt til eftirfarandi með 2. mgr.:

„Óheimilt er að setja á markað nikótínvörur til reykinga, s.s. einnota rafrettur, hylki eða áfyllingar fyrir rafrettur sem innihalda bragðefni önnur en tóbaks- eða mentól. Óheimilt er að setja á markað reyklauseis nikótínvörur sem innihalda bragðefni sem höfða sérstaklega til barna, svo sem sælgætis-eða ávaxtabrögð. Jafnframt er óheimilt að setja á markað nikótínvörur sem innihalda bragðefni sem óheimil eru samkvæmt ákvæði þessu í einhverjum efnisþætti svo sem í síum, pappír, umbúðum, hylkjum eða öðrum tæknilegum þáttum sem geta breytt lykt eða bragði viðkomandi vöru eða styrkleika reyksins. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um leyfileg bragðefni í reyklauseis nikótínvörum.“

FA gerði athugasemdir við áform um bragðefnabann í umsögn sinni þegar lagaáformin voru til samráðs. Ítrekar FA að það er matskennt og einstaklingsbundið hvaða bragðefni höfði til barna. Sem dæmi má nefna hvort mynta teljist höfða til barna? Eða bragðefni sem eru að hluta til með ávaxtabragði? Má hér nefna eftirfarandi bragðefni sem merkt eru á nikótínþúðaumbúðum; *Jalapeno Lime, Tropical Mint* og *Hot Mango*. Hvernig ætla stjórnvöld að ákvarða hvort fyrrnefnd bragðefni höfði til barna eður ei?

Í ýmsum öðrum vöruflokkum hefur ekki þótt ástæða til að setja á bragðefnabann þótt ástæða sé til að takmarka neyslu barna á viðkomandi vörum; þannig eru seldir áfengir drykkir með margs konar ávaxta- og sælgætisbragði, en ákvæði um aldursmörk, upplýsing og forvarnastarf hafa þótt duga til að halda börnum frá neyslu þeirra.

Í greinargerð frumvarpsins kemur réttilega fram að velferðarnefnd Alþingis gerði þáverandi heilbrigðisráðherra afturreka með ákvæði frumvarps (máls nr. 450 á 152. löggjafarþingi) sem

⁶ Skýrsla starfshóps um aðgerðir gegn gullhúðun EES-gerða, 31. maí 2024, <https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Utanrikisraduneytid/PDF-skjol/240528%20Utanrikisraduneytid%20Gullhudun%20EES%20gerda%20VEFUR.pdf>

gerði ráð fyrir bragðefnabanni á nikótínvörur. Meirihluti velferðarnefndar taldi að „að frekari vinnu þurfi við að greina áhrif slíkra aðgerða og mögulegar leiðir við að framfylgja slíku banni. Að mati meirihlutans er því ljóst að meiri tíma þarf til að útfæra slíkt bann og skjóta undir það traustari stoðum. Bannið sé með öðrum orðum ekki nægilega vel undirbyggt eins og það er sett fram í þessu frumvarpi. Meirihlutinn hvetur til þess að heilbrigðisráðuneytið og eftirlitsaðilar haldi áfram að fylgjast með alþjóðlegum rannsóknum og stefnumótun varðandi áhrif bragðefna á neyslu nikótíns og leiðum til að draga úr því.“ Ekki verður séð af greinargerð frumvarpsins að ráðuneytið hafi á þeim þremur árum, sem liðin eru, unnið þá vinnu til að undirbyggja bragðefnabann, sem þingið fór fram á.

Einsleitar umbúðir

Með frumvarpinu er kveðið á um að umbúðir nikótínvara skuli vera einsleitar en þetta kemur fram í 2. mgr. 16. gr. FA ítrekar hér áhyggjur sínar varðandi styrkleika nikótínvaranna verði umbúðir gerðar einsleitar.

Í dag sést styrkleiki nikótíns í vörunni framan á umbúðunum. Vöurnar geta verið allt frá því að vera nikótínlausar í það að vera með hæsta leyfilega styrkleika hér á landi. Það getur því, eðli máls samkvæmt, verið mikill munur á eiginleikum og nikótíninnihaldi ólíkra vara. Með áformunum um að setja allar nikótínvörur í einsleitar umbúðir verður mun torveldara fyrir neytendur að gera greinarmun á styrkleika nikótínsins í vörunum. Það eykur áhættuna á því að neytendur kaupi ranga vöru og þeim mun meiri hætta á að þeir fái vöru með hærri nikótínstyrk en ætlunin var að kaupa.

Þá er innri mótsögn í ákvæðum 16. greinar um einsleitar umbúðir nikótínvara annars vegar og hins vegar að óheimilt sé að vörur líkist sælgæti eða höfði sérstaklega til barna vegna útlits. Ef umbúðir eru einsleitar og einlitar er lítil hætta á að þær höfði til barna.

Sölubann milli landa

Í frumvarpinu er ákvæði í 3. mgr. 24. gr.:

„Fjarsala tóbaks-, nikótín- og jurtavöru til reykinga til neytenda yfir landamæri Íslands er óheimil.“

FA gerir athugasemd við þessa grein þar sem ýmsar hömlur eru nú þegar settar þegar kemur að merkingum og umbúðum nikótínvara. Í 16. gr. frumvarpsins kemur fram að nikótínvörur megi aðeins hafa til sölu eða dreifingar ef viðvaranir á íslensku eru skráðar á umbúðir vörunnar sem eru óafmáanlegar og að fullu sýnilegar. Þá er enn fremur tekið fram að umbúðir nikótínvara skuli vera einsleitar, ekki skuli vera upplýsingar sem höfða geti til barna eða ungmenna ásamt frekari krafna um merkingar, útlit og umbúðir nikótínvara.

Þessar miklu og ströngu kröfur telur FA vera nægjanlegar til að útiloka fjarsölu nikótínvara yfir landamæri Íslands þar sem hæpið er að erlendir aðilar séu með framleiðslu á einsleitum umbúðum nikótínvara með viðvörunarmerkingar á íslensku. FA biður ráðuneytið að gæta meðalhófs þegar frumvarpið er haft í huga og ekki sé gengið of langt að óþörfu.

Fjarsala innanlands

Í 3. mgr. fyrrnefndrar 24. gr. er einnig að finna heimild fyrir ráðherra að mæla fyrir um í reglugerð að fjarsala m.a. nikótínvara sé óheimil. FA telur að hér sé einnig gengið lengra en þörf krefur og beiting heimildarinnar búi einungis til aðstöðumun milli neytenda. Neytendur sem búa úti á landi í dreifbýli eða í smærri byggðarkjörnum hafa takmarkaðan aðgang að vörunum þar sem þeir eru búsettir og hafa því ekki aðgang að sama úrvalinu og þeir sem búa í stærri byggðarkjörnum og í þéttbýli. Þetta býr því til mismunun fyrir þann hóp neytenda.

Ströng löggjöf

FA þykir löggjöfin harkaleg og ganga mun lengra en þörf er á, einungis á grundvelli lýðheilsusjónarmiða. Forvarnavinna til að hamla gegn notkun barna og ungmenna á nikótínvörum er nauðsynleg en það eru mörg og sterk rök sem mæla gegn því að gengið sé eins langt og raun ber vitni hér.

Þá ber að nefna Danmörku í þessum efnum sem dæmi. Danmörk bannaði rafrettur með bragði öðru en tóbaks- eða mentólbragði árið 2024. Síðan bannið hefur tekið gildi hefur hinn svokallaði „grái markaður“ blómstrað, þ.e. kaup og sala á rafrettum með einkennandi bragði á samfélagsmiðlum. Líkt og gefur að skilja er erfitt fyrir stjórnvöld að hafa eftirlit með slíkum mörkuðum og síðan bannið tók gildi hefur hlutfall ungmenna, 15-17 ára, sem neyta rafrettna með einkennandi ávaxta- eða sælgætisbragði stórauðist.⁷

Verði löggjöfin hérlendis eins ströng og liggur fyrir í frumvarpinu er allt eins líklegt að þróunin verði svipuð og í Danmörku. Einstaklingar nýti sér bragðefnabannið og hinn svokallaða „gráa markað“ og flytji inn í hagnaðarskyni rafrettur sem ekki lengur eru leyfðar samkvæmt innlendra löggjöf. Erfiðara verður þá fyrir stjórnvöld að fylgjast með verðlagningu, styrkleika nikótíns og magni sem einstaklingar kaupa og þá eru minni líkur á að ungmennum verði synjað um kaup á rafrettum þar sem salan færir frá ábyrgum verslunareigendum til einstaklinga. Eftirlit eftirlitsaðila beinist að verslunum og þeim sem flytja inn leyfðar vörur og því er „grái markaðurinn“ fremur látinn óáreittur. Þá er betra heima setið en af stað farið.

Reglugerðarheimild ráðherra

FA telur að reglugerðarheimildir ráðherra samkvæmt drögnum séu of víðtækar og veiti viðkomandi ráðherra of mikið vald á atriðum sem ættu frekar heima undir hatti þingsins og fá viðeigandi málefnalega meðferð þar. Af þeim 40 greinum sem eru í frumvarpinu eru 22 greinar sem innihalda heimild fyrir ráðherra að setja reglugerð um hin ýmsu málefni sem ráðuneytinu virðist hafa komið til hugar. Er þetta yfir helmingur greina sem finna má í frumvarpinu.

⁷ Flere unge under 18 år ryger e-cigaretter ulovligt: 'Salg på sociale medier er fordoblet på et år', <https://www.dr.dk/nyheder/indland/flere-unge-under-18-aar-ryger-e-cigaretter-ulovligt-salg-paa-sociale-medier-er>

Bann við notkun nikótínvara

FA staldrar við ákvæði 27. gr. frumvarpsins, þar sem kveðið er á um bann við allri notkun nikótínvara þar sem veitt er opinber heilbrigðisþjónusta og þar sem starfsemi fyrir börn og unglunga fer fram. Vísað er til sambærilegs ákvæðis í núverandi tóbaksvarnalögum og lögum um nikótínvörur og rafrettur, en þar nær bannið ekki til heilbrigðisstofnana. FA sýnir því skilning að nikótínvörur skuli ekki notaðar þar sem starf fyrir börn og unglunga fer fram, en þykir heldur langt gengið að ætla að banna t.d. sjúklingum á heilbrigðisstofnunum að nota reyklaugar nikótínvörur.

Hlutverk ÁTVR

Það vekur furðu FA að fella skuli skráningu og meginhluta eftirlits með nikótínvörum að hluta til undir verksvið Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, með tilvísun til sjónarmið um skilvirkni og hagræðingu í ríkisrekstri. Í greinargerð frumvarpsins er vísað til þess að í ljósi einkaleyfis ÁTVR á heildsölu tóbaks sé stofnunin ákjósanlegur eftirlitsaðili. FA hafnar þessum rökum algerlega og telur að færa ætti allt eftirlit með hvort heldur er tóbaks- eða nikótínvörum frá ÁTVR. ÁTVR er í eðli sínu ekki eftirlitsstofnun, heldur söluaðili og jafnframt framleiðandi tóbaksvara. Það er í raun ekki boðlegt að t.d. öðrum tóbaksframleiðendum sé boðið upp á að eiga að afhenda keppinaut sínum ýmsar viðkvæmar viðskiptaupplýsingar eins og frumvarpsdrögin gera ráð fyrir.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun fer með eftirlit með nikótínvörum í dag og eðlilegt væri að hún færi einnig með eftirlit með tóbaksvörum. Líkt og FA hefur áður bent á, þarf hins vegar að efla getu stofnunarinnar til að sinna eftirliti með löggjöfnni.

Meðalhóf

Líkt og FA hefur fjallað um að ofan telur félagið að frumvarpið gangi langt fram úr því sem nauðsynlegt þykir. Því þykir FA nauðsynlegt að minna ráðuneytið á meðalhóf og staldrað sé aðeins við. Frumvarpið er einkar íþyngjandi og kippir rekstrargrundvelli undan smásöluverslunum sem hafa einungis nikótínvörur til sölu. Ráðuneytið lætur stjórnarskrárvarin réttindi í léttu rúmi liggja, líkt og fjallað hefur verið um hér að ofan, en mikilvægt er að litið sé til meðalhófs þegar skerða á stjórnarskrárvarin réttindi.

Ekki er fjallað um meðalhóf eða aðrar færar leiðir í greinargerð sem fylgir með frumvarpinu og er jafnvel tekið fram í áformunum sem kynnt voru til umsagnar á samráðsgátt fyrr í sumar að önnur úrræði en lagasetning séu ekki talin vera til staðar. FA þykir það skjóta skökku við þar sem félagið kom fram með ýmsar hugmyndir um aðgerðir sem hægt væri að grípa til áður en farin væri svo íþyngjandi leið. Þá hefur FA, sem og aðrir aðilar á markaðnum, verið reiðubúið að funda með ráðuneytinu vegna málsins til að finna vægari leiðir að sama takmarki.

Þá er einnig ljóst, líkt og fjallað er um hér að ofan, að neysla á nikótínvörum er langtum minna skaðleg en neysla á tóbaksvörum. Frumvarpið endurspeglar þetta ekki heldur fellir þær undir sama hattinn, og aftur, án þess að líta til meðalhófs. Eru dæmin sem hér eru tekin einungis nokkur af mörgum, þar sem félagið telur að ráðuneytið líti ekki til meðalhófs. FA hvetur ráðuneytið því til að endurskoða frumvarpið m.t.t. meðalhófs þar sem margt mætti betur fara.

Að lokum

FA tekur undir að ástæða er til að vinna gegn notkun barna og ungmenna á nikótínvörum. Hins vegar minnir félagið á að um áramótin tók gildi breyting á gjaldtöku nikótínvara og hækkaði verð á þeim í kjölfarið verulega. Ráðuneytið hefur ekki enn kannað hvort breytingar hafi orðið á neyslumynstri í kjölfarið. Þá telur FA einnig ámælisvert að ekkert samtal hefur átt sér stað við þá aðila á markaði sem selja og dreifa nikótínvörum varðandi það hvort aðrar leiðir séu mögulegar. Þessir markaðsaðilar hafa löngum og ítrekað bent á að eftirlit með markaðnum sé fjársvelt og efla þurfi eftirlit svo það sé skilvirkt og virki sem skyldi, samanber ofangreint. Þessar athugasemdir hafa ekki fengið neinn hljómgrunn hjá stjórnvöldum og þætti FA skynsamlegra að ráðast í aðrar aðgerðir, svo sem bætt eftirlit og forvarnir, áður en hlaupið er til handa og fóta og strangri löggjöf komið á.

FA óttast að með frumvarpi þessu sé verið að þrengja um of að markaði sem ber nú þegar ríkar skyldur og er undir meira eftirliti en flestar atvinnugreinar. FA vill ítreka að félagsmenn þess sem framleiða, selja og dreifa nikótínvörum eru boðnir og búnir til að setjast niður með ráðuneytinu og öðrum stjórnvöldum og ræða hvaða aðrar leiðir eru mögulegar en sú yfirdrifna lagasetning, sem frumvarpsdrögin eru tillaga að. Að öðru leyti ítrekar FA umsögn sína er send var á samráðsgátt stjórnvalda 2. júlí sl. þegar áformin voru til samráðs og er hún hér sem fylgiskjal.

FA ítrekar að félagið er ávallt reiðubúið að funda með ráðuneytinu vegna málsins og áskilur félagið sér rétt til að koma athugasemdum á farmfæri á síðari stigum.

Virðingarfyllst,



Birta Sif Arnardóttir, lögfræðingur

Heilbrigðisráðuneytið
b.t. skrifstofu stjórnsýslu
Síðumúla 24
108 Reykjavík

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Reykjavík, 2. júlí 2025

Efni: Umsögn um áform um lagasetningu um frumvarp til laga um varnir gegn tóbaki og nikótíni (heildarlög)

Félag atvinnurekenda (hér eftir „FA“) hefur tekið til umsagnar áform um lagasetningu, samningu frumvarps til laga um varnir gegn tóbaki og nikótíni (heildarlög) (hér eftir „áformin“) sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda 18. júní sl. Með áformunum er verið að leggja til breytingu og fella nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (hér eftir „nikótínvörur“) og tóbaksvörur undir sömu heildarlög en í núverandi mynd gilda mismunandi lög um hvorn flokkinn.

FA gerir eftirfarandi athugasemdir:

I. Stjórnarskrárvarin réttindi

FA þykir ljóst að með áformunum er farið inn á stjórnarskrárvarin réttindi, bæði atvinnufrelsi, sem og friðhelgi eignarréttarins.

1) Atvinnufrelsi

Tekið er fram í áformunum að „...[e]fni frumvarpsins **kann** að koma inn á atvinnufrelsi, sbr. 75. gr.“⁸ og er þá átt við 75. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, er varðar atvinnufrelsi. FA telur það ljóst að um skerðingu á atvinnufrelsi sé að ræða og enginn vafi á því, líkt og tekið er fram í ofangreindri setningu úr áformunum. Áður hefur fallið Hrd. 220/2005⁹ er fjallaði um að atvinna aðaláfrýjanda, sem rak tóbaksverslun, nyti verndar áður nefnds atvinnufrelsisákvæðis 75. gr. Má líta á þann dóm sem fordæmi fyrir sérsverslanir sem eru með skýrt afmarkað vöruframboð. Hæstiréttur tók fram að íslenska ríkinu væri ekki heimilt að grípa til hvers kyns ráðstafana í baráttu sinni gegn notkun tóbaks – líkt og ríkið hélt fram. Verður ekki annað talið en að sama eigi við um í þessu tilfelli.

Verslun með tóbak sætir nú þegar ströngum takmörkunum, bæði er varðar atvinnufrelsi og friðhelgi eignarréttar, og hefur gert um langt skeið. Með áformunum hyggist ráðuneytið setja nikótínvörur og tóbaksvörur undir sama hattinn og þrengja svo um munar að atvinnufrelsi þeirra er flytja inn og selja nikótínvörur. Þegar setja á svo miklar hömlur þarf ráðuneytið einnig að skoða málið frá hinum endanum, þ.e. frá þeirri hlið er snýr að innflytjendum og verslunareigendum. Ráðuneytið virðist ekki hafa gefið þeim réttindum og hagsmunum mikinn gaum og gerir FA alvarlegar athugasemdir við það enda þarf að skoða málið frá öllum hliðum. Ekki er nóg að nefna

⁸ Leturbreytingar undirritaðrar.

⁹ Hæstaréttardómur 6. apríl 2005, JT International S.A., JT International Finland OY og Sölvi Óskarsson (aðaláfrýjandi) gegn íslenska ríkinu (gagnáfrýjandi).

að breytingarnar „kunni“ að hafa áhrif á atvinnufrelsi. Þegar augljóslega er um að ræða skerðingu á stjórnarskrárvörðum réttindum, hljóta stjórnvöld að þurfa að rökstyðja ítarlega hvernig almannahagsmunir réttlæti slíkt inngrip.

Seljendur nikótín- og tóbaksvara þurfa nú þegar að sæta hinum ýmsu hömlum á atvinnufrelsi sínu, líkt og auglýsingabanni, takmörkunum á stærð skammta og banni við sýnileika á smásölustöðum. Ekki er í áformaskjali ráðuneytisins rökstutt hvers vegna er nauðsynlegt að ganga miklu lengra en þegar hefur verið gert í hömlum á atvinnufrelsi.

2) Friðhelgi eignarréttar

Með áformunum er einnig fjallað um að lagt verði til að sömu reglur gildi er varðar umbúðir tóbaksvara og nikótínvara. Ráðuneytið gerði breytingar, í október sl., á reglugerð um útlit og viðvörunarmerkingar tóbaksvara, losun skaðlegra tóbaksefna, mæliaðferðir og skýrslugjöf þar sem ákveðið var að umbúðir tóbaksvara hérlandis yrðu einsleitar í litnum Pantone 448 C, sem oft hefur verið nefndur ljótasti litur heims. Með áformunum er stefnt að því að umbúðir nikótínvara verði einnig í sama lit.

Með þessari breytingu er ekki lengur svigrúm til þess að hafa þau sérkenni sem skilja að hin mismunandi vörumerki nikótín- og tóbaksvara. Sérkenni vörumerkjanna og hið einstaka útlit er því alveg afmáð sem gerir einnig neytendum erfitt fyrir að átta sig á hvort þeir séu að kaupa rétta nikótín- eða tóbaksvöru þegar í verslun er komið. Vörumerki teljast að sjálfsögðu til eignarréttinda framleiðanda vöru. Hér er því um að ræða inngrip í friðhelgi eignarréttarins sem nýtur verndar samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þá hefur einnig verið staðfest að túlka beri 72. gr. stjórnarskrárinnar í samræmi við 1. gr. samningsviðauka 1 við mannréttindasáttmála Evrópu þar sem fram kemur:

„Öllum mönnum og lögaðilum ber réttur til að njóta eigna sinna í friði. Skal engan svipta eign sinni, nema hagar almennings bjóði og gætt sé ákvæða í lögum og almennra meginreglna þjóðaréttar.“

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur staðfest að vörumerki teljist eign í skilningi 1. gr. samningsviðauka 1 við mannréttindasáttmála Evrópu. Takmarkanir á útliti nikótínvara, sem stefnt er að með áformunum, brjóta því í bága við þá vernd sem nikótínvörunar njóta skv. 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.

Af ofangreindu er ljóst að áformin fara inn á svið atvinnufrelsis og friðhelgi eignarréttar. FA gerir enn og aftur alvarlegar athugasemdir hve ráðuneytið fjallar um inngrip í stjórnarskrárvarin réttindi af mikilli léttúð í áformunum og nefnir ekki einu sinni að farið sé inn á friðhelgi eignarréttarins. Mikilvægt er að ráðuneytið skoði málið rækilega út frá réttindum og hagsmunum allra hlutaðeigandi aðila. Svo umfangsmikið inngrip í atvinnufrelsi og friðhelgi eignarréttarins hlýtur að eiga að fá rækilega umfjöllun í áformunum sem og í greinargerð með því frumvarpi sem boðað er. Núverandi rökstuðningur er á engan hátt fullnægjandi og eiginlega verri en enginn.

II. Hvaða bragðefni höfða til barna?

Í áformaskjalinu kemur fram að fyrirhugaðar lagabreytingar miði að því að draga úr notkun barna og ungmenna á vörunum sem um ræðir. Í áformaskjalinu kemur fram að „...[í] frumvarpinu verður lagt til að settar verði takmarkanir á sölu nikótínvara sem innihalda bragðefni sem höfða

til barna...“ FA þykir óljóst hvaða vörur eiga hér undir. Hvaða bragðefni höfða til barna, fremur en fullorðinna, er einstaklingsbundið og afar matskennt.

Í ýmsum öðrum vörflokkum hefur ekki þótt ástæða til að setja á bragðefnabann þótt ástæða sé til að takmarka neyslu barna á viðkomandi vörum; þannig eru seldir áfengir drykkir með margs konar ávaxta- og sælgætisbragði, en ákvæði um aldursmörk, upplýsing og forvarnastarf hafa þótt duga til að halda börnum frá neyslu þeirra.

Þar sem ákvæði um áform af þessu tagi innihalda hömlur á hvaða vörur má flytja til landsins og selja er mikilvægt að ákvæði um bragðefni fái greinargóða umfjöllun og umræðu á Alþingi í stað þess að ráðherra sé veittur laus taumur til að ákveða hvað flokkast sem bragðefni sem höfðar til barna og hvað ekki í reglugerð – sem næsti ráðherra gæti svo breytt. Áðurnefnd reglugerð um einsleitar umbúðir tóbaksvara er víti sem ber að varast í þessu efni.

Þá er einnig viðurkennt að bragðefni í nikótínvörum aðstoði neytendur að færa sig úr neyslu á tóbaksvörum yfir í nikótínvörur en fjölmargar rannsóknir hafa sýnt það að tóbaksvörur eru langtum skaðlegri en nikótínvörur.¹⁰ Þá eru einnig rannsóknir sem styðja við þá staðreynd að neytendur nýta sér bragðefni í nikótínvörum til að hætta að nota tóbaksvörur og minnka líkur á bakslagi.¹¹ Mikilvægt er að hafa í huga að lýðheilsusjónarmið eiga því einnig við hér, þ.e. að aðstoða þá sem nota tóbaksvörur að skipta yfir í minna skaðlegar nikótínvörur.

III. Aldursmörk, eftirlit og viðurlög

Í áformaskjalinu kemur fram að lagt verði til að söluaðilum verði skylt að biðja um skilríki sem sanni aldur kaupenda. Slíkt ákvæði er þegar í lögum og er ófrávíkjanleg vinnuregla hjá félagsmönnum FA að biðja um skilríki við sölu nikótínvara, leiki vafi á aldri viðskiptavinar. Fram kemur að einnig skuli skerpt á ákvæðum um viðurlög. FA telur mun skynsamlegri og skilvirkari leið til að vinna gegn notkun barna og ungmenna á nikótínvörum að hafa skilvirkt eftirlit með því að núgildandi lagaákvæði séu virt, fremur en að hafa vit fyrir fullorðnu og sjálfráða fólki um það hvaða vörur það kaupir (sjá kafla VII hér á eftir). FA telur eðlilegt herða viðurlög gagnvart söluaðilum sem ekki virða þá lagaskyldu að biðja um skilríki eða selja börnum og ungmennum vörurnar vísvitandi.

IV. Skaðsemi nikótín- og tóbaksvara

Ljóst er að nikótínvörur eru langtum minna skaðlegar en tóbaksvörur. Fjölmargar rannsóknir hafa verið framkvæmdar þar sem hin ýmsu lýðheilsu- og heilsusjónarmið hafa verið skoðuð og liggur fyrir að nikótínvörur eru mun betri fyrir neytendur en tóbaksvörur, þótt ákveðin áhætta fylgi neyslu þeirra eins og margra annarra neysluvara.¹² Þá eru einnig fjölmargar rannsóknir sem

¹⁰ 5 scientific studies that prove vaping is far less harmful than smoking, <https://clearingtheair.eu/en/post/5-scientific-studies-that-prove-vaping-is-far-less-harmful-than-smoking/> og In vitro toxicological evaluation of puffed portioned oral nicotine products, <https://pubmed.ncbi.nlm.nih.gov/39669663/>

¹¹ Patterns of flavored e-cigarette use among adult vapers in the USA: an online cross-sectional survey of 69,233 participants, <https://harmreductionjournal.biomedcentral.com/articles/10.1186/s12954-023-00876-w>

¹² Sjá neðanmálsgrein 3.

sýna fram á að tóbaksvörur eru mun líklegri til að vera krabbameinsvaldandi en nikótínvörur.¹³ Heilbrigðisþjónustan í Bretlandi hefur einnig gefið út greinargóða umfjöllun um mýtur og staðreyndir þegar kemur að rafrettum annars vegar og sígarettum hins vegar.¹⁴ Kemur þar skýrt fram að nikótínvörur án tóbaks eru langtum betri en tóbaksvörur.

Að mati FA skýtur það því skökku við að ætla fella svo mismunandi flokka saman undir ein lög þar sem annar flokkurinn er mun skaðlegri neytandanum en hinn. Þessi breyting gæti ýtt undir að neytendur fari í auknum mæli aftur að leita í tóbakið, sérstaklega ef taka á bragðefni nikótínvaranna í burtu. Þá voru einnig sett gjöld á nikótínvörur um síðastliðin áramót. Í kjölfarið hækkaði verð á þeim vörum umtalsvert og er því minna verðbil á milli tóbaksvara og nikótínvara í dag en áður. Því torveldara sem neytendum er gert að nálgast og nota nikótínvörur, þeim mun líklegra er að þeir snúi aftur í tóbakið.

V. Færast vörurnar í almennar verslanir?

Í kjölfar þess að áformin birtust í samráðsgátt stigu verslunareigendur fram og lýstu yfir áhyggjum sínum af því að með áformunum væri verið að kippa rekstrargrundvöllinum undan sérverslunum með nikótínvörur og það væri líklegt til að hafa þau öfugu áhrif að auka sýnileika nikótínvara.¹⁵ FA tekur undir þessar áhyggjur.

Í dag gilda lög nr. 87/2018 um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur um nikótínvörur. Í 11. gr. laganna er fjallað um auglýsingar og sýnileika á sölustöðum. Tekið er fram í 1. mgr. greinarinnar að hvers konar auglýsingar á nikótínvörum eru bannaðar. Í 2. mgr. er svo tekið fram að nikótínvörur meggi ekki vera sýnilegar viðskiptavinum en sérverslunum sé þó heimilt að hafa þær sýnilegar þegar inn er komið í verslunina.

Mikið af nikótínvörum eru faltar í sérverslunum sem selja einungis nikótínvörur. Með áformunum er hætt við að rekstrargrundvelli þessara sérverslana sé kippt undan þeim. Þar með verði nikótínvörur fremur til sölu í almennum verslunum þar sem auðveldara aðgengi verði að þeim. Sérverslanir eru með filmur í gluggunum svo ekki sjáist inn í þær og er 18 ára aldurstakmark inn í verslanirnar. Verslunareigendur taka flestir mikla ábyrgð og leggja sitt af mörkum til að fara eftir lögum og reglum og koma í veg fyrir að börn kaupi nikótínvörur. Ekki er víst að hið sama eigi við um almennar verslanir.

VI. Réttur styrkleiki nikótínvara

Líkt og fjallað var um að ofan hyggst ráðuneytið innleiða einsleitar umbúðir fyrir nikótínvörur. Í dag sést styrkleiki nikótíns í vörunni framan á umbúðunum. Vörurnar geta verið allt frá því að vera nikótínlausar í það að vera með hæsta leyfilega styrkleika hér á landi. Það getur því, eðli máls samkvæmt, verið mikill munur eiginleikum og nikótíninnihaldi ólíkra vara. Með áformunum um að setja allar nikótínvörur í einsleitar umbúðir verður mun torveldara fyrir neytendur að gera greinarmun á styrkleika nikótínsins í vörum. Það eykur áhættuna á því að

¹³ THR 101 Review: Public Health England – E-cigarettes and heated tobacco products: evidence review, <https://www.thr101.org/research/2020/thr-101-review/public-health-england-e-cigarettes-and-heated-tobacco-products-evidence-review>

¹⁴ Vaping myths and the facts, <https://www.element.com/nucleus/2022/importance-of-synthetic-nicotine-testing>

¹⁵ Óttast að boð og bönn ráðherra muni setja verslanir í þrot, 20. júní 2025: <https://www.visir.is/g/20252741629d/ottast-ad-bod-og-bonn-rad-herra-muni-setja-verslanir-i-throt>

neytendur kaupi ranga vöru og þeim mun meiri hætta á að þeir fái vöru með hærri nikótínstyrk en ætlunin var að kaupa. FA vekur athygli á þessari staðreynd við ráðuneytið.

VII. Önnur úrræði en lagasetning

Fjallað er um í áformunum að ekki hafi tekist að draga úr notkun nikótínvara. FA vill benda á að eftirlit með nikótínvörum er í höndum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (hér eftir „HMS“). HMS hefur lagt mikið í eftirlit með nikótínvörum en nær þó ekki að halda utan um verkefnið enda er það stórt og viðamikið. Ástæða þess er að of litlum fjármunum er eytt í eftirlitið. Þetta hefur FA bent áður á. Telur FA að ef þeim fjármunum sem vantar upp á yrði bætt við yrði eftirlitið skilvirkara og stæði sterkari fótum. Þannig myndi eftirlitið virka sem skyldi sem myndi skila sér í mun öflugri umgjörð kringum nikótínvörur sem yrði öllum til góðs, neytendum, verslunum og innflytjendum. Ábyrgum verslunareigendum og innflytjendum á nikótínvörum er mikið í mun að eftirlit með markaðnum verði eft og hafa félagsmenn margoft leitað til FA með athugasemdir og erindi á þá leið.

Nú um áramótin tóku í gildi gjöld sem sett voru á nikótínvörur og hækkaði verð þeirra því allverulega. Engar mælingar á nikótínneyslu hafa verið gerðar opinberar síðan þessi gjöld voru lögð á. Því er enn óvitað hvort þessar breytingar hafi haft í för með sér breytt neyslumynstur.

FA gerir því alvarlegar athugasemdir við þær staðhæfingar ráðuneytisins að önnur úrræði séu ekki til staðar og að ekki hafi tekist að draga úr notkun nikótínvara. Í fyrsta lagi vantar HMS viðeigandi fjármuni til að geta sinnt eftirliti með þessum markaði og í öðru lagi hafa þær breytingar sem tóku gildi um áramótin ekki verið rannsakaðar til hlítar. Það er því óskiljanlegt að ráðuneytið haldi því fram að ekki komi önnur úrræði til skoðunar. Með þessu er ráðuneytið að snúa blinda auganu að öðrum úrræðum en einungis nýrri lagasetningu.

VIII. Netverslun

Í áformunum er fjallað um að óheimilt verði að selja nikótínvörur í netsölu. Með banni við netsölu, sem og banni við bragðefnum, aukast líkur á að neytendur fari í auknum mæli að kaupa nikótínvörur af erlendum netverslunum eða kaupi nikótínvörur í auknum mæli þegar þeir eru erlendis. Það gefur auga leið að breytt löggjöf hérlendis og íslenskt eftirlit hefur lítið um þetta að segja. Þá getur einnig verið að erlendis sé heimilt að kaupa nikótínvörur með hærri styrkleika nikótíns en er leyfður hér á landi sem gæti farið að bera á í auknum mæli verði áformin að veruleika. Þá eru einnig líkur á að viðskipti með vörurnar fari í auknum mæli fram á milli einstakra neytenda, nái áformin fram að ganga, sem gerir eftirlit enn erfiðara. Mörgum ætti að vera í fersku minni hvernig viðskipti með bjór fóru fram áður en sala hans var lögleyfð árið 1989.

Einnig býr þessi breyting, þ.e. að girt verði fyrir sölu nikótínvara í netverslun, til aðstöðumun fyrir neytendur sem búa úti á landi í dreifbýli eða í smærri byggðarkjörnum. Þeir hafa takmarkaðan aðgang að vörunum þar sem þeir eru búsettir og hafa því ekki aðgang að sama úrvalinu og þeir sem búa í stærri byggðarkjörnum og í þéttbýli. Þetta býr því til mismunun fyrir þann hóp neytenda.

IX. Umsagnir á samráðsgátt stjórnvalda

Þegar umsögninni er skilað inn eru tæplega tvö hundruð umsagnir sem hafa borist vegna áformanna á samráðsgátt stjórnvalda. Þar eru fjöldamargar umsagnir frá einstaklingum sem

fjalla um að með bragðbættum nikótínvörum hafi þeim tekist að færa sig úr tóbaksvörum yfir í nikótínvörur sem, líkt og fjallað er um að ofan, eru ekki nærri því eins skaðlegar og tóbaksvörur. Þá eru nokkrar umsagnir á þá leið að þau „bragðefni sem höfða til barna“ hafi aðstoðað viðkomandi við að hætta að nota tóbaksvörur. Áhyggjum er einnig lýst af bakslagi í tóbaksvörnum sem margir telja að muni eiga sér stað verði áformin að lögum eins og er lýst.


Ríma umsagnir á samráðsgátt stjórnvalda við umsögn FA og því er ljóst að margir hafa áhyggjur af vegferð ráðuneytisins varðandi nikótínvörur. Yfirgnæfandi hluti umsagna einstaklinga er neikvæður í garð áformanna. Draga verður í efa að ráðuneytið hafi vegið og metið sem skyldi kosti og galla þeirrar leiðar, sem lögð er til í áformunum. Ef niðurstaðan verður sú að einstaklingar leita aftur í tóbaksvörur eftir að hafa hætt notkun þeirra, er verr af stað farið en heima setið.

X. Að lokum

Mikilvægt er að vandað sé til verka þegar kemur að lagasetningu. Ef skerða á stjórnarskrárvarin réttindi, eins og augljóslega er ætlunin með þessum áformum, er mikilvægt að málið sé skoðað frá öllum hliðum og víðtækt samráð viðhaft en ekki einungis við þá aðila sem hliðhollir eru áformunum. Þá telur FA að ráðuneytið eigi eftir að skoða ýmis atriði í tengslum við áformin líkt og áður nefndar skerðingar á atvinnufrelsi og friðhelgi eignarréttarins, rannsóknir á bragðefnum til að aðstoða neytendur við að hætta nota tóbaksvörur sem og rannsóknir sem fjalla um skaðsemi nikótínvara annars vegar og tóbaksvara hins vegar, afleiðingar þess að sérsverslanir leggi upp laupana og loks að styrkleikamerkingum nikótínvara verði ábótavant ef umbúðir verða einsleitar. Þá telur FA að ýmsar aðrar leiðir séu mögulegar en einungis lagasetning og gerir alvarlegar athugasemdir við staðhæfingar ráðuneytisins um að önnur úrræði séu ekki til staðar.

FA áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari sjónarmiðum á síðari stigum. Félagið og félagsmenn þess, sem selja nikótínvörur, lýsa sig reiðubúin að eiga fundi með ráðuneytinu til að fara yfir það hvernig megi koma í veg fyrir að börn og unglingar geti nálgast nikótínvörur með minna íþyngjandi inngripum í stjórnarskrárvarin réttindi en þeim sem ráðgerð eru í áformaskjali ráðuneytisins.

Virðingarfyllst,



Birta Sif Arnardóttir, lögfræðingur